

REGLUGERÐ

um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi.

1. gr.

Skipum, sem stunda veiðar með botnvörpu, eru bannaðar veiðar frá 1. marz til 1. maí 1970 á svæðum, sem takmarkast af línunum, sem hugsast dregnar þannig:

1. Að austan hugsast dregin lína í réttvísandi suður frá Þjórsárós í punkt 63°34' N og 20°48' V og þaðan í punkt 63°34' N og 21°26' V síðan í suðvesturátt gegnum eftirgreinda punkta.

1. 63°41'2 N 21°45'5 V
2. 63°41'2 N 22°21'0 V
3. 63°34'5 N 23°03'5 V

Og þaðan í réttvísandi 033° í Reykjanesvita. Þó skal skipum allt að 105 brl. heimilt að veiða innan þessara marka á svæði, er takmarkast af lengdarbaugnum 21°57' V og 22°32' V og þrjár sjómílur út frá ströndinni.

2. Að norðan hugsast dregin lína í réttvísandi vestur frá Garðskaga og að sunnan í réttvísandi vestur frá Stafnesi. Að utan takmarkast svæði þetta af fiskveiðilandhelgislínunni.

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot viðurlögum, samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 21 10. maí 1969, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið 4. febrúar 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnl. E. Briem.